



## 37. FUNDUR Í BÆJARSTJÓRN BLÖNDUÓSBÆJAR

Dagsetning: 10. september 2013, kl. 17:00

---

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 37. fundar þriðjudaginn 10. september 2013 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Ágúst Þór Bragason, setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Auðunn Sigurðsson. Undirritaðir sátu fundinn.

### Dagskrá:

1. **Fundargerðir:**
  - a. **Bæjarráð frá 27. ágúst 2013**
  - b. **Bæjarráð frá 5. september 2013**
  - c. **Landbúnaðarnefnd frá 20. ágúst 2013**
  - d. **Menningar- og fegrunarnefnd frá 26. júní 2013**
  - e. **Menningar- og fegrunarnefnd frá 8. júlí 2013**
  - f. **Menningar- og fegrunarnefnd frá 24. júlí 2013**
2. **Skýrsla bæjarstjóra**

### Afgreiðslur:

1. **Fundargerðir:**
  - a. **Bæjarráð frá 27. ágúst 2013**

Fundargerðin er í einum lið. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að umræðum loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.
  - b. **Bæjarráð frá 5. september 2013**

Fundargerðin er í þremur liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Nokkrar umræður urðu um fundargerðina. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.
  - c. **Landbúnaðarnefnd frá 20. ágúst 2013**

Fundargerðin er í einum lið. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Bæjarstjórn vill koma á framfæri þökkum til Landbúnaðarnefndar, fjallskilastjóra og gangnamanna sem brugðust skjótt við slæmri veðurspá og flýttu göngum og réttum. Að því loknu var bókun bæjarstjórnar og fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.



**d. Menningar- og fegrunarnefnd frá 26. júní 2013**

Fundargerðin er í tveimur liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin gefur ekki tilefni til ályktana.

**e. Menningar- og fegrunarnefnd frá 8. júlí 2013**

Fundargerðin er í einum lið. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

**f. Menningar- og fegrunarnefnd frá 24. júlí 2013**

Fundargerðin er í einum lið. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að loknum umræðum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóð með 7 atkvæðum.

## 2. Skýrsla bæjarstjóra

Þessum lið var frestað til næsta fundar.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 17:25.

Ágúst Þór Bragason, forseti (sign.)  
Zophonías Ari Lárusson (sign.)  
Heiðrún Bjarkadóttir (sign.)  
Anna Margret Sigurðardóttir (sign.)  
Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)  
Þórdís Erla Björnsdóttir (sign.)  
Þórdís Hauksdóttir (sign.)

Auðunn Sigurðsson, ritari (sign.)